

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Djúpavogshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Djúpavogshrepps eftirfarandi nýtt deiliskipulag:

*Djúpivogur – Markarland 10-16 – deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 14. ágúst 2020 deiliskipulag fyrir Markarland 10-16. Deiliskipulagssvæðið er 0,64 ha að stærð og er gert ráð fyrir byggingu raðhúss og einbýlishúss ásamt bílskúr/vinnustofu/verslunar- og þjónusturými. Þá er gerð grein fyrir lóðum, byggingarreitum, bílastæðum, almenningsrýmum og göngustígum.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulagsfulltrúa Djúpavogshrepps, 29. september 2020,*

**Páll Jakob Línal.**

---

B-deild – Útgáfud.: 30. september 2020